Viðurkenning undirsérgreina barnalækna á Íslandi

Barnalæknar hafa verið í erfiðleikum með að fá undirsérgreinar sínar samþykktar á Íslandi. *Læknablaðið* leitaði til Helgu Elídóttur, formanns Félags íslenskra barnalækna, eftir frekari upplýsingum um hvernig gengi í kjölfar þeirrar umræðu

Í hverju er þessi hindrun fólgin og hjá hvaða embætti er þetta unnið?

Hindrunin felst í því að barnalæknar sem hafa sérhæft sig í vissum undirgreinum hafa fengið neitun við leyfisumsóknum sínum hjá embætti landlæknis frá árinu 2023. Ástæða þessa er reglugerðarbreyting frá því ári en sú breyting kveður á um ákveðin skilyrði sem samræmast ekki fyrri leyfisveitingum. Þetta á við þær undirsérgreinar og sérnám í þeim löndum sem falla ekki að skilyrðum þessarar íslensku reglugerðar um sérnám.

Hefur eitthvað breyst til batnaðar undanfarna mánuði?

Einn barnalæknir hefur fengið viðurkenningu á sinni undirsérgrein nýlega en það ferli tók eitt og hálft ár og gríðarmikla pappírsvinnu. Eftir fjölmiðlaumfjöllun átti ég fund með aðstoðarmanni heilbrigðisráðherra, Jóni Magnúsi Kristjánssyni, sem var áhugasamur um þetta mál. Mér skilst að Sprett-hópurinn sem heilbrigðisráðuneytið skipaði sé með til athugunar að aðlaga leyfisveitingar með tilliti til þeirra sem hófu sérnámið áður en reglugerðinni var breytt því auðvitað er það sérkennileg stjórnsýsla að breyta reglugerð á þennan hátt og gera læknum sem þegar eru í miðju sérnámi þegar reglugerðinni er breytt, ómögulegt að uppfylla skilmálana. Síðan er annað mál að reglugerðin er meingölluð þegar kemur að sérnámi í undirsérgreinum barnalækninga og þarfnast endurskoðunar og hefur Embætti landlæknis einnig bent á það.

Læknaskortur á Íslandi virðist orðinn almennur í mörgum greinum, á það líka við hjá barnalæknum?

Já, því miður er skortur á barnalæknum í allmörgum undirgreinum og það er ekki eingöngu vegna þessarar reglugerðarbreytingar heldur einnig af öðrum orsökum. Við erum fámennur hópur og í mörgum undirsérgreinum eru bara 1-2 barnalæknar að störfum á landinu og því augljóst að ekki þarf mikið til að okkur vanti barnalækna til starfa en þetta sveiflast svolítið milli tímabila og undirsérgreina. Til dæmis bráðvantar okkur nú þegar barnameltingarlækna og barnakrabbameinslækna á Barnaspítala Hringsins og innan fárra ára vantar okkur í enn fleiri greinar.



Helga Elídóttir formaður Félags íslenskra barnalækna. Mynd/aðsend

Hefur þessi dráttur á viðurkenningu undirsérgreina áhrif á lækna sem stefna í sérnám?

Maður getur rétt ímyndað sér að læknar fari mun síður í undirsérgreinar sem ekki fæst formleg viðurkenning á í eigin heimalandi. Ef við viljum að læknar komi aftur heim að loknu sérnámi þurfa starfsskilyrði að vera með þeim hætti að það sé boðlegt og eitt af þeim atriðum er að fá sína menntun metna að verðleikum og til jafns við kollega sem fyrir eru í faginu heima.

Hvernig horfir framtíð barnalækninga á Íslandi við ef undirsérgreinar verða ekki viðurkenndar með farsælli hætti á næstunni?

Ég vil helst ekki hugsa þá hugsun til enda því það yrði hreint út sagt skelfilegt. Það mun klárlega með tímanum leiða til skerðingar á þjónustu við börn hér á landi. Það er mikilvægt fyrir börn með alvarlega sjúkdóma að hér sé barnalæknaþjónusta í öllum undirsérgreinum barnalækninga rétt eins og fyrir fullorðna.

Eitthvað sem þú vilt bæta við?

Ég vil trúa því að heilbrigðisráðherra og starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins leysi þetta á farsælan hátt og vona að þau geri sitt ítrasta til að tryggja börnum á Íslandi bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, nú og til framtíðar.

Læknablaðið
THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi
Læknafélag Íslands

Ritstjórn
Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, ritstjóri og ábyrgðarmaður
Geir Hirlekar
Hallgerður Lind Kristjánsdóttir
Lilja Sigrún Jónsdóttir
Ólöf Jóna Elíasdóttir
Sigurður Sverrir Stephensen
Örvar Arnarson

Tölfræðilegur ráðgjafi
Sigrún Helga Lund

Ritstjórnarfulltrúi
Rósa Steinunn Sturludóttir
rosa@lis.is

Blaðamenn
Olga Björt Þórðardóttir
Kristborg Bóel Steindórsdóttir

Auglýsingar
Íris Fjóla Bjarnadóttir
iris@lis.is

Umbrot
Margrét E. Laxness
melax@lis.is

Prófarkalestur
Aðalsteinn Eyþórsson

Upplag
2040

Áskrift
28.600,- m. vsk.
Lausasala
2.860,- m. vsk.

Prentun og bókband
Litróf
Vatnagörðum 14
104 Reykjavík

Dreifing
Íslandspóstur
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

© Læknablaðið
Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213